

Ed.

845. Frumvarp til laga

[106. mál]

um tannlækningar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maf.)

1. gr.

Rétt til að stunda tannlækningar hér á landi og kalla sig tannlækni hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

11. gr.

Tannlæknum eru óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem tannlæknar. Við opnun tannlæknastofu má þó auglýsa það með látlausri auglýsingu í blöðum sem mest má birta þrisvar sinnum. Tannlæknum og stéttarfélagi þeirra ber að vinna gegn því að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það ber þeim eða stéttarfélagi þeirra jafnskjótt að leiðrétta það sem ofmælt kann að hafa verið.

12. gr.

Ef landlæknir verður þess var að tannlæknir vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli heilbrigðisrúðuneytinu og Tannlæknafélagi Íslands frá áminningunni og tilefni hennar.

Komi áminningin ekki að haldi ber landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað að viðkomandi skuli sviptur tannlækningaleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstólanna.

13. gr.

Sérhverjum tannlækni ber að viðhalda þekkingu sinni. Telji landlæknir að tannlæknir hafi sýnt að hann uppfylli ekki lengur þau skilyrði sem krefjast beri af honum skýrir hann ráðherra frá málavöxtum. Ráðherra leitar álitis tannlæknadeildar Háskóla Íslands. Fallist hún á álit landlæknis má svipta viðkomandi tannlækningaleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstólanna.

14. gr.

Tannlæknar skulu færa sjúkraskrár yfir sjúklinga sem þeir annast. Óheimilt er að ónýta slíkar skrár nema með leyfi heilbrigðisráðherra að fengnum tillögum landlæknis. Þegar tannlæknir lætur af störfum skal sjúkraskrár, sem hann hefur fært, komið í umsjá landlæknis.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða, auk sviptingar tannlækningaleyfis, sbr. 12. og 13. gr., sektum, varðhaldi eða fangelsi.

Að öðru leyti gilda ákvæði 18. greinar læknalaga, nr. 80/1969, eftir því sem við á.

16. gr.

Ákvæði læknalaga, nr. 80 frá 23. júní 1969, skulu gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, um tannlækna og sérmenntað aðstoðarfólk þeirra.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 7/1929, um tannlækningar, með síðari breytingum.

11. gr.

Tannlæknum eru óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem tannlæknar. Við opnun tannlæknastofu má þó auglýsa það með látlausri auglýsingu í blöðum sem mest má birta þrisvar sinnum. Tannlæknum og stéttarfélagi þeirra ber að vinna gegn því að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það ber þeim eða stéttarfélagi þeirra jafnskjótt að leiðrétta það sem ofmælt kann að hafa verið.

12. gr.

Ef landlæknir verður þess var að tannlæknir vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli heilbrigðislaga landsins skal hann áminna viðkomandi og skýra jafnframt heilbrigðisráðuneytinu og Tannlæknafélagi Íslands frá áminningunni og tilefni hennar.

Komi áminningin ekki að haldi ber landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað að viðkomandi skuli sviptur tannlækningaleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstólanna.

13. gr.

Sérhverjum tannlækni ber að viðhalda þekkingu sinni. Telji landlæknir að tannlæknir hafi sýnt að hann uppfylli ekki lengur þau skilyrði sem krefjast beri af honum skýrir hann ráðherra frá málavöxtum. Ráðherra leitar álits tannlæknadeildar Háskóla Íslands. Fallist hún á álit landlæknis má svipta viðkomandi tannlækningaleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstólanna.

14. gr.

Tannlæknar skulu færa sjúkraskrár yfir sjúklinga sem þeir annast. Óheimilt er að ónýta slíkar skrár nema með leyfi heilbrigðisráðherra að fengnum tillögum landlæknis. Þegar tannlæknir lætur af störfum skal sjúkraskrár, sem hann hefur fært, komið í umsjá landlæknis.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða, auk sviptingar tannlækningaleyfis, sbr. 12. og 13. gr., sektum, varðhaldi eða fangelsi.

Að öðru leyti gilda ákvæði 18. greinar læknalaga, nr. 80/1969, eftir því sem við á.

16. gr.

Ákvæði læknalaga, nr. 80 frá 23. júní 1969, skulu gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, um tannlækna og sérmenntað aðstoðarfólk þeirra.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 7/1929, um tannlækningar, með síðari breytingum.